

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 143. löggjafarþings, frá 20. desember 2013 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 14. janúar 2014.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2013.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.“

Alþingi samþykkti hinn 20. desember 2013 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 143. löggjafarþings, frestað hinn 20. desember 2013.

Forsætisráðuneytinu, 20. desember 2013.

F. h. r.
Ágúst Geir Ágústsson.

Íris Rut B. Marteinsdóttir.